

**Nd.**

**800. Nefndarálit**

[249. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Á nokkrum mínútum í heilbrigðis- og félagsmálanefnd í dag var frv. tekið til athugunar. Auk nefndarmanna sátu fundinn félagsmálaráðherra og Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndar, er skipuð var af félagsmálaráðherra 19. febr. s.l. til þess að endurskoða gildandi lög um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun.

Var upplýst á fundinum, að nefnd þessi hefði ekki lokið verkefni sínu, en nauðsyn bæri til þess að fá þetta frv. samþ. á þessu þingi, þar sem bráðabirgðalög nr. 81/1968 væru meingölluð. Kom enginn ágreiningur fram um það atriði.

Í nefndinni var meiri hluti fyrir því að fella niður það ákvæði í b-lið 2. gr. frv., að skólafólk í skólaleyfum geti notið atvinnuleysisbóta að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þetta þýðir, að skólafólk, sem ekki hefur lokið námi og enga sumarvinnu fær, er útilokað frá því að njóta atvinnuleysisbóta. Þó hefur verið í það látið skína af talsmönnum ríkisstjórnarinnar, að sú leið væri í athugun til þess að hjálpa framhaldsskólanemum með að halda áfram námi, ef við atvinnuleysi væri að stríða.

Ég tel aðdraganda og undirbúningi þessa frv. þann veg farið, að ég vil ekki styðja það. Bráðabirgðalögin nr. 81/1968, sem nú eru talin svo gölluð, að ekki megi láta þau halda gildi sínu, þar til endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar lýkur, eru sett af félagsmálaráðherra nokkrum dögum eftir að þingmenn fóru í jólaleyfi. Hafa þau nú verið í gildi tæpa 5 mánuði og þá væntanlega á ábyrgð þess þingmeirihluta, er ráðherrann styður. Sá þingmeirihluti nægir til þess að koma þessu frv. í gegn án aðstoðar annars staðar frá.

Auk þess tel ég þá breytingu, sem meiri hlutinn varð sammála um að gera á frv. og vikið er að hér að framan, ósanngjarna. Gert er ráð fyrir, að endurskoðun laganna um atvinnuleysistryggingar ljúki það tímanlega, að nýtt frv. um þau efni komi fyrir næsta þing. Með vísan til þess og svo þeirrar staðreyndar, að af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur ekkert sérstakt verið gert til þess að bæta úr atvinnuskorti framhaldsskólanema, tel ég, að réttlæt看legt sé að greiða atvinnuleysishætur í sumar til framhaldsskólanema í námi.

Alþingi, 16. maí 1969.

Jón Skaftason.